

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. Vallarstræti verði lokað fyrir bílaumferð og breytt í göngugötu.
2. Beygjur úr Lækjargötu inn í Austurstræti verði bannaðar. Ennfremur verði U-beygjur á Lækjargötu við Austurstræti og Bankastræti bannaðar.
3. Bifreiðastöður verði bannaðar í Austurstræti að norðanverðu milli Lækjargötu og Pósthússtrætis.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar Austurstræti hefur verið opnað fyrir umferð bifreiða frá Lækjargötu að Pósthússtræti.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. nóvember 1991.*

**Böðvar Bragason.**

Nr. 557

18. nóvember 1991

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Hafnarfirði.

1. gr.

Árlegt gjald til að halda hund í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, sbr. b lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Hafnarfirði nr. 515 23. október 1991, skal vera kr. 8 000,00.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar ár hvert.

2. gr.

Gjald vegna skráningar hunds, sbr. 3. gr. samþykktarinnar, skal vera kr. 5 000,00.

3. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 6. gr. samþykktarinnar, skal vera kr. 5 000,00 í fyrsta og annað skipti og kr. 8 000,00 þriðja skipti og oftar.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Hafnarfjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Árlegt gjald sbr. 1. gr. og skráningargjald sbr. 2. gr. verður ekki innheimt á árinu 1991 nema sem svarar til tryggingariðgjalds til 31. desember 1991.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. nóvember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*